

Eftirtalin ríki falla af lista yfir ríki sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum Evrópusambandsins við framleiðslu sjávarafurða og annarra afurða samkvæmt tilskipun 91/493/EEC:

**Kazakhstan**  
**Márítíus**  
**Seycelleyjar**

Eftirfarandi texti á við um innflutning sjávarafurða frá Kenía:

Bannaður er allur innflutningur á sjávarafurðum, ferskum, frosnum eða unnum, sem veiddar hafa verið í Viktoríuvatni og eiga uppruna sinn í Kenía. Bann þetta á ekki við afurðir veiddar í sjó.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. maí 1999.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Guðrún M. Eysteinsdóttir.*

Nr. 355

10. maí 1999

## AUGLÝSING

### um staðfestingu svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015.

Með vísan til 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997 staðfestir ráðuneytið hér með svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015. Samvinnunefnd um svæðisskipulag á miðhálandi Íslands, sbr. bráðabirgðaákvæði skv 1. gr. laga nr. 73/1993 og 13. gr. laga nr. 135/1997, samþykkti tillöguna 23. nóvember 1998 til afgreiðslu Skipulagsstofnunar sem með greinargerð ásamt viðaukum dags. 9. apríl 1999 mælir með staðfestingu skipulagsáætlunarinnar.

Mörk svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 er lína sem mótuð var við gerð svæðisskipulagstillögunnar sbr. 2. gr. laga nr. 58/1999 um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, og sýnd er á skipulagsupprætti í mælikvarða 1:350.000, sbr. einnig fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Afmörkun svæða á skipulagsupprætti og umfjöllun í skipulagsgreinargerð svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 felur í sér eftirfarandi varðandi landnotkun, samgöngur, veitur og takmarkanir á landnotkun:

**Náttúruverndarsvæði:** Um landnotkun á náttúruverndarsvæðum skal taka mið af almennum sjónarmiðum um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“ við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins. Auk þess eru friðlýst svæði og svæði á Náttúruminjaskrá innan náttúruverndarsvæða, en á þeim gilda þær takmarkanir á landnotkun sem auglýsingar um friðlýsingu hvers svæðis og ákvæði náttúruverndarlaga kveða á um.

**Almenn verndarsvæði:** Um landnotkun á almennum verndarsvæðum skal taka mið af almennum sjónarmiðum um „verndarheildir“ og „lágt byggingarstig“ við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins. Auk þess

eru svæði á Náttúruminjaskrá innan almennra verndarsvæða, en á þeim gilda þær takmarkanir á landnotkun sem ákvæði náttúruverndarlaga kveða á um.

**Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum:** Svæði sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Þau eru öll á náttúruverndarsvæðum.

**Svæði á Náttúruminjaskrá:** Svæði skráð í Náttúruminjaskrá, 7. útgáfu frá 1996. Þau liggja innan marka náttúruverndarsvæða og almennra verndarsvæða.

**Vatnsverndarsvæði:** Vatnsrík svæði eru kortlögð. Takmarkanir á landnotkun eru ekki skilgreindar en taka skal mið af almennum sjónarmiðum um að standa vörð um að auðlindinni verði ekki spillt og að tryggja sem best möguleika á nýtingu vatns í framtíðinni við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins.

**Friðlýstar fornminjar:** Minjar sem njóta verndar skv. Þjóðminjalögum eru kortlagðar.

**Merkar minjar:** Minjar sem skuli njóta verndar í samræmi við ákvæði Þjóðminjalaga eru kortlagðar.

**Núverandi landgræðslusvæði:** Landgræðsla er auðkennd sem blönduð landnotkun eða takmörkun á landnotkun með öðrum landnotkunarflokkum. Afmörkun landgræðslusvæða á skipulagsuppdrætti sýnir þau svæði þar sem unnið er að stöðvun jarðvegsrofs eða landbótum. Landgræðsluáðgerðir eru ekki bundnar við þessi svæði öðrum fremur á skipulagstímabilinu.

**Beitarfriðuð svæði:** Á skipulagsuppdrætti eru afmörkuð svæði sem eru friðuð fyrir beit. Beitarfriðun er ekki bundin við þessi svæði öðrum fremur á skipulagstímabilinu.

**Önnur svæði:** Landnotkun er ekki skilgreind sérstaklega en við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins skal taka mið af almennum sjónarmiðum um að „önnur svæði“ komi öðrum fremur til álita fyrir mannvirkja-gerð.

**Núverandi orkuvinnslusvæði:** Afmörkuð svæði þar sem eru vatnsaflsvirkjanir og áfram er gert ráð fyrir þeirri landnotkun á skipulagstímabilinu.

**Fyrirhuguð orkuvinnslusvæði:** Afmörkun allra fyrirhugaðra orkuvinnslusvæða vatnsaflsvirkjana sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Núverandi háspennulínur, 132-220 kV:** Háspennulínur með 132 kV og 220 kV spennu sem áfram er gert ráð fyrir á skipulagstímabilinu eru kortlagðar.

**Fyrirhugaðar háspennulínur:** Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndar allar fyrirhugaðar 132 kV, 220 kV og 400 kV háspennulínur sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins. Sprengisandslína/Búrfellslína 4, 400/220 kV, er staðfest óbreytt staðfestri legu 200 kV Búrfellslínu 4 frá 20. apríl 1994.

**Jaðarmiðstöðvar:** Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndar allar núverandi og fyrirhugaðar jaðarmiðstöðvar sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Hálendismiðstöðvar:** Á skipulagsuppdrætti eru auðkenndar allar núverandi og fyrirhugaðar hálendismiðstöðvar sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Skálar:** Á skipulagsuppdrætti eru auðkennd öll núverandi og fyrirhuguð skálasvæði sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Fjallasel:** Á skipulagsuppdrætti eru kortlögð fjallasel. Afmörkun fjallaselja á skipulagsuppdrætti er þó ekki tæmandi fyrir staðsetningu allra fjallaselja sem samræmst geta stefnumörkun svæðisskipulagsins. Í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins er unnt að heimila gönguskála við megingönguleiðir með millibili sem tekur mið af þægilegum dagleiðum göngufólks, enda samræmist það almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokka.

**Önnur mannvirki:** Á skipulagsuppdrætti eru kortlögð núverandi mannvirki sem falla í flokk annarra mannvirkja skv. skilgreiningu svæðisskipulagsins. Ákvarðanir um stað-

setningu nýrra húsa SVFÍ/björgunarfélaga og nýrra endurvarpsstöðva taki mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokka.

Ný viðbótarmannvirki vegna beitar- eða veiðinytja, þ.e. gangnamannahús og veiðihús og nauðsynlegir vegir eða slóðar vegna þeirra, geta samrýmst stefnu svæðisskipulagsins þar sem þeirra er talin þörf. Ákvarðanir um staðsetningu þeirra taki mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokka.

Ný hesthús meðfram helstu reiðleiðum geta samrýmst stefnu svæðisskipulagsins. Ákvarðanir um staðsetningu þeirra taki mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokka.

**Stofnvegir og tengivegir:** Staðfest er lega þjóðvegakerfis láglandis þar sem það fer inn á skipulagssvæðið.

**Aðalfjallvegir:** Á skipulagsupprætti eru auðkenndir allir núverandi og fyrirhugaðir aðalfjallvegir sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Fjallvegir:** Á skipulagsupprætti eru auðkenndir allir núverandi og fyrirhugaðir fjallvegir sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Einkavegir og aðrar ökuleiðir:** Á skipulagsupprætti er kortlögð lega núverandi einkavega og annarra ökuleiða. Afmörkun einkavega og annarra ökuleiða á skipulagsupprætti er ekki tæmandi fyrir alla slíka vegi sem samræmist geta stefnumörkun svæðisskipulagsins. Ákvarðanir um legu nýrra einkavega og annarra ökuleiða tengist ákvörðunum um ný mannvirki sem falla undir flokk annarra mannvirkja, sjá að ofan.

**Flugvellir:** Á skipulagsupprætti eru auðkenndir allir núverandi og fyrirhugaðir flugvellir sem samræmast stefnumörkun svæðisskipulagsins.

**Helstu reiðleiðir:** Á skipulagsupprætti eru auðkenndar helstu reiðleiðir milli byggðarlaga og þjónustustaða hestamanna.

**Megingönguleiðir:** Á skipulagsupprætti eru auðkenndar megingönguleiðir milli byggðarlaga og þjónustustaða ferðamanna.

Með staðfestingu þessari er felld úr gildi staðfesting þeirra þátta og landsvæða eftirtalinnna svæðisskipulagsáætlana sem falla saman við svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015:

Svæðisskipulag Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa, staðfest 17. desember 1996, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 683/1996.

Svæðisskipulag sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar, staðfest 19. febrúar 1998, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 97/1998.

Um samræmingu milli aðalskipulagsáætlana einstakra sveitarfélaga og svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 sem og um endurskoðun svæðisskipulagsins fer skv. lögum nr. 58 22. mars 1999 um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. maí 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

**Fylgiskjal.**

